

**3579. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 21. nóvember 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028**

Aukafundur um fjárhagsáætlun verður þann 21. nóvember 2024. Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlíð. Haraldur Benediktsson þurfti að víkja af fundi kl. 09:00 en tók sæti að nýju á fundinum kl. 12:00.

*Málið er til áframhaldandi meðferðar hjá bæjarráði. Gert er ráð fyrir aukafundi í bæjarráði þann 5. desember nk. þar sem áætlunin verði afgreidd út bæjarráði og vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn sem fram fer þann 10. desember nk.*

*Samþykkt 3:0*

**2. 2402299 - Heilsuefning eldra fólks**

Heilsuefning eldra fólks, verkefnið "Sprækir skagamenn". Verkefnið hófs í september 2024 eftir að bæjarstjórn samþykkti samning á milli Akraneskaupstaðar og ÍA þess efnis vegna ársins 2024. Kostnaði vegna verkefnisins vegna ársins 2025 var vísað til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2025 þegar fyrir lægi hvernig þátttakan og viðbrögð eldra fólks yrðu við verkefninu. Nú liggja þessar upplýsingar fyrir ásamt kostnaðargreiningu. Óskað eftir ákvörðun bæjarráðs um framhald verkefnisins á árinu 2025. Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir fjármagni vegna verkefnisins í fjárhagsáætlun ársins 2025 og að verði samkvæmt sömu forsendum og þar með sömu mánaðarlegri fjárhæð og á árinu 2024.*

*Gert verður því ráð fyrir fjármagni að fjárhæð um 10,8 m.kr. til verkefnisins á árinu 2025.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2411149 - Jólagjafir starfsmanna Akraneskaupstaðar 2024**

Fyrirkomulag varðandi jólagjafir starfsmanna 2024. Harpa Hallsdóttir mannauðsstjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Bæjarráð samþykkir að fyrirkomulag vegna jólagjafa til starfsmanna Akraneskaupstaðar vegna ársins 2024 verði samkvæmt fyrirliggjandi tillögu um rafræn gjafabréf sem nýtt verði í heimabyggð.*

*Málið er unnið í samstarf við fyrirtækið YAY en það opnar fyrir möguleika fyrirtækjanna á Akranesi sem vilja taka þátt í verkefninu, til að geta tekið við gjafabréfum allra notenda YAY hugbúnaðarins sem eru yfir 50.000 talsins.*

*Samþykkt 3:0*

*Harpa Hallsdóttir vikur af fund.*

- 4. 2402179 - Tjarnarskógar 2 - umsókn um byggingarlóð - úthlutun samþykkt**  
Erindi SH holding ehf. um skil á lóðinni sem úthlutað var þann 29. febrúar 2024.  
*Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins.*

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar sem er þann 28. nóvember nk.*

*Samþykkt 3:0*

- 5. 2403027 - Fundir bæjarráðs 2024**

Samkvæmt fyrirbyggjandi fundadagskrá bæjarráðs er fundur þann 26. desember nk.

*Samþykkt að bæjarráð fundi þann 19. desember nk. kl. 08:15 og að fundurinn þann 26. desember nk. falli niður.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.**